

Skólanefndarfundur 9. Janúar 2024

Fundur settur 13.00 í fundarherbergi FSH.

Mættir: Hjálmar Bogi Hafliðason, Valgerður Gunnarsdóttir, Halldór Jón Gíslason, Elín Pálmadóttir (fulltrúi kennara), Arna Ýr Arnarsdóttir (ritari), Egill Olgeirsson, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir, Hafrún Olgeirsdóttir.

Fjarverandi: Ármann Örn Gunnlaugsson, Andri Már Sigursveinsson (fulltrúi nemenda).

Dagskrá:

1. Rekstur 2023 – útkomuspá
2. Rekstraráætlun 2024
3. Starfið á önninni
4. Framtíð Samnor
5. Framkvæmdir
6. Önnur mál

1. Rekstur 2023 – útkomuspá

Útkomuspá 2023 leiðir af sér halla upp á 8.400.956 kr.

5.000.000 kr. af fjárfestingarframlagi 2023 verða færðar inn í rekstur vegna ársins 2023 og verður hallinn þá 3.400.956 kr.

Höfuðstóll 2022 var neikvæður um 1.575.077 kr. og má því áætla að höfuðstóll 2023 verði neikvæður sem nemur 4.976.033 kr.

2. Rekstraráætlun 2024

Rekstraráætlun 2024 leiðir af sér 5000 kr. afkomu og er því útlit fyrir að saxað verði lítillega á neikvæðan höfuðstól frá 2023.

Helstu þættir rekstraráætlunar 2024

	2024
Rekstrargjöld	
Laun	198.100.000
Ferðir og fundir	11.900.000
Rekstrarvörur	3.800.000
Húsnæði	42.300.000
Bifreiðar og vélar	20.000
Aðkeypt þjónusta	17.400.000
Skattar, fjármagnskostn.	25.000
Tilfærslur	0
Afskrift	0
Rekstrargjöld samtals:	273.545.000
Rekstrartekjur	
Sértækjur	7.950.000
Aðrar rekstrartekjur	5.200.000
Rekstrartekjur samtals:	13.150.000
Mismunur tekna og gjalda:	-260.395.000
Til ráðstöfunar	
Frá fyrra ári	-4.976.033
Fjárveiting ársins	260.400.000
Til ráðstöfunar samtals:	255.423.967
Rekstrarafkoma ársins:	-4.971.033

3. Starfið á önninni

Farið var stuttlega yfir lykiltölur vorannar 2023 (tölur verða aðgengilegar í Skólaskýrslu 2023-2024)

Farið var yfir kennslustofu skipan á önninni vegna framkvæmda á miðsvæði skólans.

Kynjafræði er kennd sem val í ár.

Umræður:

- Skapa spennandi val fyrir næstu annir til dæmis í stuttmyndum, þáttargerð, fjármálum, list ofl.
- Bæta inn á heimasíðu FSH tölulegum upplýsingum um fjölgun nemenda ofl.

4. Framtíð SAMNOR

VMA fór af stað með heilsunuddnám síðasta vor og það á eftir að koma í ljós afleiðingar þess fyrir heilsunuddbraut FSH. Þetta kom af stað uppnámi innan SAMNOR og ákveðinn forsendubrest samstarfsins.

Skólameistari FSH og Skólameistari VMA funduðu og komust að niðurstöðu. VMA vill halda heilsunuddbraut áfram og FSH vill taka upp sjúkraliðabraut. Grunnur hefur því skapast til samstarfs ef samningar nást og samstarf SAMNOR heldur áfram, sem á eftir að koma í ljós.

5. Framkvæmdir

Nú standa yfir framkvæmdir á tveimur kennslustofum í FSH sem einnig eru samkomusalur skólans. Búið er að stúka framkvæmdarsvæði af en framkvæmdir munu standa yfir bróðurpart haustannar 2024. Þetta kallar á útsjónarsemi varðandi kennslustofur og aðstöðu nemenda til samveru, lærdóms og næringar sem var leyst vel.

6. Önnur mál

- Eldsvoði – Brunaskýli FSH brann til kaldra kola aðfaranótt 6.janúar 2024.
- Skoðunarferð um skólann vegna framkvæmda

Fundi slitið 16:30